

## Fiskeldisfréttir

## ÁRSSKÝRSLA DÝRALÆKNIS FISKJÚKDÓMA

## EFNISYFIRLIT

ÁRSKÝRSLA DÝRALÆKNIS FISKJÚK-	1
FRAMÚRSTEFNUHUGMYND SÚR 2011	1
PORSKELDIS-KVÓTAVERK-EFNIÐ	2
FISKELDIS-RÁÐTEFNUR	2
GETUR BLEIKJUELDI LÆRT AF REGN-BOGAELDI Í	3
TÆKIFÆRI Í FISKELDI Á SUÐURLANDI	3
INNFLUTNINGUR Á ÞEK-KINGU	4

## ÁHUGAVERT OG JÁKVÆTT

- Árið 2010 ein-kenndist af bjartsýni og framkvæmdagleði
- Framúrstefnuhugmynd SÚR 2011
- Góðar aðstæður til bleikjueldis á Suðurlandi

Cod Farming in Nordic Countries  
Grand Hotel, Reykjavík  
21. September 2011

Nýlega kom út ágæt árskýrsla dýralæknis fisksjúkdóma og er hægt að sækja hana á vef Matvælastofnunar. Eftirfarandi kemur m.a. fram í skýrslunni:

„Árið 2010 einkenndist af bjartsýni og framkvæmdagleði á flestum sviðum fiskeldis, ekki síst innan lax- og bleikjueldis. Ný fyrirtæki hafa litið dagsins ljós með skýr og raunsæ markmið og bjartar horfur virðast framundan með tilliti til framleiðslu og útflutnings eldisafurða. Það sama á þó ekki við um kræklingaræktina en þrengingar og gjaldþrot náðu tökum á því fyrirtæki sem fremst hefur farið fyrir greininni sl. áratug. Í heildina voru 47 fiskeldisstöðvar í rekstri árið 2010”.

„Almennt var heilbrigði eldisdýra í góðum farvegi á liðnu ári og engin teljandi áföll tengdum sjúkdómum litu dagsins ljós. Enn strangari kröfur eru gerðar til þess að

fisksjúkdómayfirvöld sýni með öyggjandi hætti fram á fjarveru smitefna með hjálp nýjustu greiningaraðferða”.

„Á tímabilinu júní til ágúst 2010 framkvæmdu fisksjúkdómayfirvöld í Chíle allsherjar úttekt á opinberu heilbrigðis- eftirliti hér á landi sem endaði með fullri viðurkenningu á öllum okkar aðferðum og sjúkdómarannsóknum. Ísland var þar með annað tveggja landa (ásamt eldisstöð í Tasmaníu) sem hlaut heimild til innflutnings á laxahrognum til Chíle”

„Laxeldi er verulega að rétta úr kútnum á nýjan leik og munu sláturtölur sýna það á næstu árum, auk þess sem búast má við aukningu í slátrun á bleikju á næstu misserum í takt við aukinn fjölda eldisstöðva. Aðrar tegundir eru nokkurn veginn á pari, ef frá er skilinn eillitill samdráttur í eldi þorsks. Alls var slátrað rúmum 5.000 tonnum af eldisfiski árið 2010



Gísli Jónsson, dýralæknir fisksjúkdóma

og uppskera kræklinga var um 32 tonn”.

„Í ljósi góðrar sjúkdóma- stöðu, ekki síst er varðar alvarlega veirusjúkdóma, er mikill þróttur í kynbótum laxfiska og efniviður eftirsóttur erlendis til áframeldis. Árið 2010 voru fluttir út 6.083 lítrar af laxahrognum til Chíle, Færeyja, Japans og Írlands og 77 lítrar af bleikjuhrognum til Austurríkis og Írlands”.


Slóð: [www.mast.is/Uploads/document/arsskyrsla/ArsskyrslaDyralaeknisFisksjukdoma2010.pdf](http://www.mast.is/Uploads/document/arsskyrsla/ArsskyrslaDyralaeknisFisksjukdoma2010.pdf)

## FRAMÚRSTEFNUHUGMYND SJÁVARÚTVEGSRÁÐTEFNUNAR 2011

Sjávarútvegsráðstefnan (SÚR) kallar eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum, sem veita á viðurkenningu fyrir á næstu ráðstefnu vettvangsins. Markmiðið er að hugmyndirnar séu framsæknar og frumlegar og skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun.

Ertu með „brjálaðar hugmyndir“ sendu þær þá inn fyrir 16. maí. Veistu um aðila vel geymdan og gleymdan sem lumar á „brjáluðum hug-

myndum“? Hugmyndir sem við fyrstu sín virðast vera fáránlegar en við betri skoðun vakið væntingar um að geta orðið að raunveruleika eftir einn eða tvo áratugi, aukíð útflutningstekjur og fjölgað atvinnutækifærum. Taktu frumkvæði og bentu hugmyndasmiðnum á að senda inn hugmynd eða aðstoðaðu viðkomandi að skrifa 1-2 blaðsíðum um hugmyndina.



Slóð: [www.sjavarutvegsradstefnan.is/efni/verdlaun](http://www.sjavarutvegsradstefnan.is/efni/verdlaun)

## ÞORSKELDISKVÓTAVERKEFNI HAFRANNSÓKNASTOFNUNNAR

Þorskeldiskvótaverkefni Hafrannsóknastofnunnar hefur verið starfrækt frá árinu 2002. Nú er hægt að sækja skýrslu vegna starfseminnar á árinu 2009 á vef stofnunarinnar.

Að þessu sinni eru tvær greinar í skýrslunni önnur gefur yfirlit yfir starfsemina við fõngun og áframeldi á árinu 2009, en hin greinin fjallar um fõður og fõðrun áframeldisþorsks.

Á árinu 2009 var slátrað um 1.215 tonnum af þorski úr áframeldi sem er aukning frá árinu 2008 en þá var

slátrað um 985 tonnum. Gerður er greinarmunur á slátruðu magni og framleiðslu. Með framleiðslu er átt við lífþungaaukningu í eldinu. Á árinu 2009 er framleiðslan áætluð um 380 tonn en var um 275 tonn árið 2008.

Á árinu 2009 voru fõnguð um 740 tonn af þorski til áframeldis sem er aukning frá árinu 2008 en þá nam aflinn 650 tonnum.

Á árinu 2009 var áframeldi á þorski stundað á 8 stõðum við landið. Heildarfõður-notkun á árinu var 1.840

tonn, af því var um 65% loðna og um 10% síld. Lífræðilegur fõðurstuðull lækkaði úr um 6,8 árið 2008 og niður í 4,8 árið 2009. Að meðaltali var fõðurstuðullinn 4,7 fyrir árin 2004-2009. Á árinu 2009 var dagvõxtur á ómerktum 1,5-3 kg þorski sem fangaður var sama ár um 0,33%. Á undanfõrnunum árum hefur eldistími styst og þyngdaraukning því minnkað úr 3 kg hjá þorski sem fangaður var árin 2003-2004 niður í 1,5 kg hjá þorski sem fangaður var árið 2008.



Áframeldisþorskur að éta hálfrosið sandsíli.



Áframeldisþorskur að éta frosna norræna gulldeplu.



Áframeldisþorskur sem er búinn að aðlagast eldisaðstæðum.



Þorskurinn heldur sig þeim megin sem bátur liggur við eldiskví þegar hann hefur aðlagast eldisaðstæðum.

Slóð: [www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolr.htm](http://www.hafro.is/Bokasafn/Timarit/fjolr.htm)

## INNLEND FÕÐURHRÆFNI TIL NOTKUNA Í FISKELDI

Fõstudaginn 8. apríl var haldin ráðstefna í höfuðstöðvum Mátis að Vínlandsleið 12 í Reykjavík (Grafarholt). Mátis og Íslensk Matorka stõðu að ráðstefnunni.

Mõrg áhugaverð erindi voru haldin staðbundinna hráefna til fõðurgerðar. Fyrirlestarnir eru nú aðgengilegir á [www.matis.is](http://www.matis.is).

Í samantekt frá ráðstefnunni kemur m.a. Fram: „Fõður er stærsti rekstrarkostnaðar-

liðurinn í fiskeldi eða almennt um 50-70% og er mikill hluti af hráefni í fõður innflutt. Til að gera fiskeldi sjálfbært er mikilvægt að efla innlenda framleiðslu á fõðurhráefnum og styrkja þannig stõðir undir rekstur fiskeldisstõðva og tengdra greina. Mátis ohf. hefur í samstarfi við fyrirtækið Íslensk matorka ehf. tekið saman upplýsingar um möguleika á að nýta í fiskeldisfõður innlent hráefni sem fellur til í landbúnaði og

sjávarútvegi og er illa nýtt eða jafnvel urðað. Auk þess er stefnt að því að efla þverfaglegt samstarf atvinnugreina og rannsóknastofnana sem getur leitt til þess að hægt sé að stórauка fiskeldi með áherslu á notkun staðbundinna hráefna til fõðurgerðar. Við það mun verðmætasköpun í landbúnaði aukast með bættri nýtingu á ræktunarlendi og atvinnusköpun í sveitum landsins”.

Slóð: [www.matis.is/um-matis/frettir/nr/3241](http://www.matis.is/um-matis/frettir/nr/3241)

## FRÆÐAPING OG KRÆKLINGARÁÐSTEFNA

### Fræðaping landbúnaðarins


Fræðaping landbúnaðarins 2011 var haldið dagana 10. - 11. mars. Fræðapingið er samvinnuverkefni 9 stofnana sem tengjast landbúnaði með einum eða öðrum hætti. Þar á meðal má telja Hóla-skóla, Mátis og Veiðimálastofnun. Á fræðapinginu voru m.a. flutt

eftirafandi erindin; Võxtur bleikjueldis á Íslandi og Nýting lágvarmaorku til ræktunar fiska og annarra lífvera. Hægt er að sækja erindi og ráðstefnuhefti á vef Fræðapings landbúnaðarins.

### Umhverfisvæn atvinnusköpun

Þann 1. apríl var haldin ráðstefna um skelræktarmál á Háskólanum Akur-

eyri. Ráðstefnan var á vegum Skelræktar og var aðalfundur félagsins haldinn daginn eftir á Hótel KEA. Á ráðstefnunni voru haldin nokkur erindi um ræktunartækni, heilbrigðismál, markaðsmál og fleira. Erindin eru nú hægt að sækja á vef félagsins.



Slóð: <http://bondi.is/Pages/1403>

Slóð: [www.skelraekt.is](http://www.skelraekt.is)



## GETUR BELIKJUELDI LÆRT AF REGNBOGAELDI Í EVRÓPU?

Dagana 5 - 11 október 2010 ferðuðust þrír fiskeldismenn á milli regnbogaeldisstöðva í Danmörku og Norður-Ítalíu. Þetta voru Birgir Þórisson frá Klausturbleikju, Jóhann Geirsson frá Haukamýrargili og Sveinbjörn Oddsson frá Fjalla-bleikju.

Tilgangur ferðarinnar var að kanna hvort ekki mætti eitthvað læra af þeim aðferðum sem notaðar eru við ferskvatnseldi á regnbogasilungu í Evrópu. Þessi fiskur selst á lágu verði en skilar samt arðbærum rekstri. Einnig vildu menn kynna sér hvernig þessar stöðvar takast á við stranga löggjöf hvað varðar áhrif eldisins á umhverfið. Auk fjölmargra regnbogastöðva, voru tvær bleikjueldisstöðvar heim-sóttar, önnur í Danmörku en

hin á Norður-Ítalíu.

Í Danmörku eru hinar hefðbundnu jarðvegstjarnir á hraðri útleið og er þeim skipt út fyrir svokölluð „model farms“. Þessar nýju stöðvar hafa á síðast liðnum sex árum tekið yfir helming regnbogasilungs-framleiðslunnar og fjölgar enn.

Model Trout Farm stöðvarnar eru gerðar úr steiptum langkerum (raceways) tvö og tvö ker í einingu. Sérstakar gildir ná allt að 80% af föstum efnunum úr vatninu. Loftblástur er notaður til að súrefnisbæta vatnið og koma því á meiri hreyfingu. Auðvelt er að koma fyrir lífhreinsum og agnasíum í kerfinu því það er allt í sama plani og engin auka dæling á sér stað. Hægt er að ná háu hringrásar-stigi með þessu kerfi

og er dæmi um stöð sem framleiðir 600 tonn með 20 -30 L/sek af innrennsli.

Seiðaelði, matfiskeldi og vinnsla eru í langflestum tilfellum aðskildar einingar og fiskurinn er fluttur lifandi í vinnslu.

Algengt er að framleiðslan sé 200-300 tonn á ársverk í þessu nýju stöðvum.

Á Norður - Ítalíu tilheyra jarðvegstjarnir einnig fortíðinni til og flestar stöðvarnar steiptar. En þar eru menn skemmrá á veg komnir hvað varðar umhverfisþættina og hönnun stöðvanna tekur fyrst og fremst mið af aðgengi að miklu vatni. Auknir þurrkar og hækkandi sumarhiti er farinn að hafa áhrif á framleiðslugetu og hefur magnið helmingast frá því sem mest var.



Landeldisstöðin Graunbjerg dambrug í Danmörku.



Alskov Dambrug. Tromlusía í forgrunni.

Slóð: [www.sjavarutvegur.is/pdf/Sjavarutvegurinn/1-11.pdf](http://www.sjavarutvegur.is/pdf/Sjavarutvegurinn/1-11.pdf)

## ÁRSKÝRSLA MATÍS 2010

Matís ohf. gafa nýlega út árskýrslu vegna starfsemi ársins 2010. Matís tekur þátt í fjölmörgum fiskeldisverkefnum bæði með innlendum og erlendum aðilum. Í árskýrslunni er m.a. að finna gott yfirlit fyrir þau

fiskeldisrannsóknaverkefni sem stofnunin er þátttakandi í dag. Einnig er að finna yfirlit yfir þau verkefni sem stofnunin er nýlega búinn að ljúka við. Matís er í samstarfi við fjölmörg fiskeldisfyrirtæki og í ár-

skýrslunni er greint frá samstarfi stofnunnar við Hraðfrystihúsið Gunnvöru hf. og Fiskey. Þetta og margt fleira er að finna í árskýrslu Matís.

Slóð: [www.matis.is/media/arsskyrslur/Arsskyrsla\\_Matis\\_2011\\_web\\_prentun\\_2.pdf](http://www.matis.is/media/arsskyrslur/Arsskyrsla_Matis_2011_web_prentun_2.pdf)



## TÆKIFÆRI Í FISKELDI Á SUÐURLANDI

Þann 30. mars hélt Atvinnuþróunarfélags Suðurlands upplýsingafund um tækifæri í fiskeldi á Suðurlandi. Hér var um að ræða 10 fundu í röð Atvinnuþróunarfélags Suðurlands um tækifæri í ýmsum atvinnuvegum á Suðurlandi. Fundurinn var haldinn á Hótel Heklu og voru samstarfsaðilar Landsamtök fiskeldisstöðva og Sjávarútvegsþjónustan.

Góð þátttaka var á fundinum, en 35 manns mættu á

hann. Fundarefnið var almenn umfjöllun um fiskeldi - sagan og tölurnar, möguleikar í rekstri fiskeldisfyrirtækja á Suðurlandi, nám / þekking , stuðningur og stoðkerfið, aðstæður á Suðurlandi, styrkir, sjóðir, aðgengi að seiðum, umhverfismat, hönnun og skipulag fiskeldisstöðva, fiskeldisklasar og ýmsir samstarfsmöguleikar. Framsögumenn á fundinum voru þeir



Guðbergur Rúnarsson, framkvæmdastjóri Landssamtaka fiskeldisstöðva og Valdimar Ingi Gunnarsson, sjávarútvegsfræðingur hjá Sjávarútvegsþjónustunni og mikil áhersla var á bleikju-

eldi í erindum þeirra. Töldu þeir bleikjueldi henta mjög vel sunnlenskum aðstæðum. Erindi og nánari upplýsingar eru á vef Atvinnuþróunarfélags Suðurlands.

Slóð: [www.sudur.is/frett/2011/03/31/taekifaeri\\_i\\_fiskeldi\\_a\\_sudurlandi\\_god\\_thattaka\\_glaerur\\_af\\_fundi](http://www.sudur.is/frett/2011/03/31/taekifaeri_i_fiskeldi_a_sudurlandi_god_thattaka_glaerur_af_fundi)

## INNFLUTNINGUR Á ÞEKKINGU

Nýlega gaf norska sjávarútvegs- og strandsvæðaráðuneytið út skýrsluna „Effektiv og bærekraftig arealbruk in havbruksnæringen“. Skýrsla þessi er holl lesning fyrir stjórnsýsluna og skyldulesning fyrir þá aðila sem skrifa lög og reglugerðir fyrir fiskeldi. Í skýrslunni kemur m.a. fram áhugaverðar tillögur um svæðaskiptingu þar sem helsta markmið er að koma í veg fyrir að sjúkdómar berist á milli stöðva en þar getum

við mikið lært af Norðmönnum við framtíðaskipulagningu sjókvíeldis hér við land. Skýrslan gefur einnig gott almennt yfirlit yfir fiskeldi í Noregi og er fróðleg lesning. Margt fleira áhugavert kemur fram og er hægt að ná í skýrsluna sem er 10 MB að stærð með að yta með músinni á slóðina hér að neðan.

Slóð: [www.regjeringen.no](http://www.regjeringen.no)

## Cod Farming in Nordic Countries

Grand Hotel, Reykjavik

21. September 2011

Slóð: [www.sjavarutvegur.is/codconference.html](http://www.sjavarutvegur.is/codconference.html)



Smárinn, Kópavogur, Iceland  
September 22-24

Ert þú með

**framúrstefnuhugmynd  
til að efla**

# Íslenskan sjávarútveg og tengdar atvinnugreinar?

## Framúrstefnuhugmynd Sjávarútvegsráðstefnunnar 2011

Sjávarútvegsráðstefnan kallar eftir framúrstefnulegum nýsköpunarhugmyndum, sem veita á viðurkenningu fyrir á næstu ráðstefnu vettvangsins. Markmiðið er að hugmyndirnar séu framsæknar og frumlegar og skapi umræðugrundvöll eða nýja hugsun. Við mat á hugmyndum verður m.a. litið til eftirfarandi þátta:

**Frumleika, virðisauka, sjálfbærni  
og ímyndar landsins eða greinarinnar út á við**

Veitt verður verðlaunafé að upphæð kr. 400 þús., en auk þess fá hugmyndirnar kynningu og sérstaka viðurkenningu á Sjávarútvegsráðstefnunni 13.-14. október, 2011.

Framúrstefnuhugmynd skal setja fram á hnitmiðaðan hátt þar sem fram kemur lýsing á hugmynd, tillaga að framkvæmd, væntanlegur afrakstur og áhrif til góðs fyrir ímynd Íslenskra afurða (hámark 2 bls). Einstaklingar geta sent inn eigin hugmyndir og /eða tilnefnt hugmyndir annarra í umboði þeirra. Allar hugmyndir þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Hugmyndin er framúrstefnuleg
- Hugmyndin er raunhæf

Frestur til að skila inn umsóknum er 16. maí 2011.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sjávarútvegsráðstefnunnar [www.sjavarutvegsradstefnan.is](http://www.sjavarutvegsradstefnan.is)



Sjávarútvegsráðstefnan er samskiptavettvangur allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu og rannsóknir og þróun, einnig opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn.

